

HAUSTÞYTUR

FRÉTTABRÉF FRÁ SKÓLANUM YKKAR

OKTÓBER
2024

Skólabyrjun

Skólinn fer mjög vel af stað og búið að vera mikið um að vera í leik og starfi. Við minnum á [heimasíðu skólans](#) en þar koma reglulega inn fréttir og hlekkir á myndalbúm.

Kærar þakkir til ykkar fyrir góða mætingu á haustfundina. Þar sköpuðust góðar umræður og gaman að sjá niðurstöður úr hópaumræðum. Við hvetjum bekkjarfulltrúa hvers námshóps að huga að skipulagningu hausthittings. Það er alltaf í boði að hittast í skólanum ef námshópana langar að gera það.

Söngstundir í 1.-4. bekk

Alla mánudaga syngja nemendur 1.-4. bekkjar hátt og snjallt með Heimi Ingimarssyni. Uppáhaldslögin þeirra eru Skólarapp og Draumar geta ræst. Við stefnum svo á sameiginlega söngsali reglulega í vetur þar sem allt starfsfólk og nemendur koma saman og syngja.

Myndir úr skólastarfinu

Ólympíuhlaupið - [Hérna eru myndir.](#)

Veiðiferð í Hörgá - [Myndir.](#)

Útivistardagur - [Myndir](#)

5. bekkur í berjamót - [Myndir](#)

Smádýragildir í 7.-8. bekk - [Myndir](#)



Hrós

Hrós er öflugt verkfæri til jákvæðrar leiðsagnar og hvatningar. Hrós geta hjálpað nemendum að nálgast markmið sín. Í september höfum við sérstaklega unnið með hrós, verið meðvituð um uppbyggileg hrós, orða hrós rétt, þjálfva okkur að hrósa og taka á móti hrósi.

Hrós og þakkir æfa okkur í að taka eftir því sem er jákvætt í fari fólks.

Framundan í okt og nóv

- 2. okt. - Forvarnardagurinn hjá 9. og 10. b.
- 8. okt. - Samskólahittingur miðstigs í Þeló
- 9. okt. - Hugleiðsludagur unga fólksins
- 10. okt. - Jól í skókassa
- 11. okt. - 2. bekkur fer í heimsókn á Hlíð
- 17. okt. - Starfsdagur
- 18. okt. - Viðtalsdagur
- 21.-22. okt. - Haustfrí
- 23. okt. - Bleiki dagurinn
- 30. okt. - 9. og 10. b í heimsókn í MA & VMA
- 8. nóv. - Baráttudagur gegn einelti
- 13. nóv. - Starfsdagur (skóli lokaður)
- Þemavika í nóvember

Aðalfundur foreldrafélagsins

Aðalfundur foreldrafélags
þelamerkurskóla þri. 8. október kl. 19-21:30.

Dagskrá fundar:

1. Súpa og brauð kl. 19:00
2. Aðalfundarstörf kl. 19:30
 1. Skýrsla stjórnar
 2. Ársreikningar félagsins lagðir fram
 3. Kosning í stjórn og nefndir
 4. Önnur mál
3. Fræðsluerindi kl. 20:00-21:30

Upplýsingar um fræðsluerindið *Hvers vegna triggerast ég og hvað liggur að baki erfiðrar hegðunar* má finna [hér](#) og [hér](#). Fræðslan hefur vakið mikla lukku að undanfögnu hjá foreldrum. Erindið fjallar um nauðsyn þess að skilja eigin viðbrögð svo við getum mætt hegðun barna okkar sem skilar sér í aukinni félagsfærni og betri sjálfsmynd barnsins.

Október

Október er tileinkaður vellíðan fyrir öll og er alþjóðlegi geðheilbrigðisdagurinn 10. október nk. Þemað í ár er geðheilbrigði á vinnustað en skólinn er vinnustaður bæði nemenda og starfsfólks og munum við því halda þessu á lofti í október.

Miðvikudaginn 2. október ætlum við að byrja daginn á að ganga míluna öll saman, hafa tónlist og stuð. Þetta gerum við til þess að vekja athygli á vellíðan mánuðinum okkar.

Október er jafnframt **bleikur** mánuður og munum við halda upp á bleika daginn 23. október sem er daginn eftir haustfrí. Við ætlum að skreyta skólann bleikan og endum svo mánuðinn á hrekkjavökugleði í skólanum, á skólatíma.

Starfsdagur verður fimmtudaginn 17. október og viðtalsdagur föstudaginn 18. október. Opnað verður fyrir skráningu viðtala í næstu viku og koma upplýsingar frá umsjónarkennurum fljótlega.

Haustfrí er hjá okkur 21. og 22. október. Þá daga er skólinn lokaður.

Jól í skókassa

Jól í skókassa er verkefni sem felst í því að gleðja börn sem lifa við fátækt, sjúkdóma og erfiðleika í Úkraínu með því að gefa þeim jólagjafir. Gjafirnar eru settar í innpakkaðan skókassa og merktar eftir aldri og kyni viðtakanda. Í næstu viku ætlum við að pakka inn skókössum handa þessum börnum. Við óskum eftir ykkar aðstoð við innkaup varnings í kassana en þátttaka er valkvæð. Nánari upplýsingar eru í [þessu skjali](#) og munu umsjónarkennarar senda út hvað hver og einn á að útvega í kassann.

Nemendur í 1.-2. bekk gefa 3-6 ára börnum, nemendur í 3.-4. bekk gefa 7-10 ára börnum, nemendur í 5.-8. bekk gefa 11-14 ára börnum og nemendur í 9.-10. bekk gefa 15-18 ára börnum.

Þjartsýni október 2024

Skriðu niður eitthvað þrennt sem þú hlakkar til í þessum mánuði



Ráðleggingar iðjupjálfa um val á skólatöskum

[Hér má finna bækling frá iðjupjálfafélaginu](#)

Þemadagar í nóvember

Þemadagar verða í nóvember og mega foreldrar taka frá föstudaginn 22. nóvember en þá munu nemendur sýna afrakstur vinnu sinnar. Þemað í nóvember verður fjölmening.

Frá eldhúsinu

Uppskrift frá Helgu - Bananabrauð í skúffu



2 lítrar hveiti
750 g sykur
Hálf msk lyftiduft
Hálf msk natron
3-4 egg
Saxað súkkulaði
5-6 bananar (gott að láta þá í frost fyrst og þýða þá fyrir bakstur)
Öllu blandað saman
Bakað við 180°C í ca. 40 mínútur

Pizzan hennar Svölu

3 dl ilvolgt vatn
3 tsk ger
hálf tsk salt
hálf tsk pizzakrydd
3 msk olía
hveiti



Setjið 1 bolla hveiti í skál, bætið geri, salti og kryddi út í. Bætið svo vatninu og oliunni saman við og hrærið. Setjið meira hveiti þar til deigið sleppir við skálina. Breiðið yfir og látið hefast í 30 mínútur. Þetta gera 2-3 pizzur. Leyfið pizzunni að lyfta sér eftir að allt er komið ofan á hana. Bakið við hæsta hita þar til hún er fullbökud.

Farsæld barna

Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa þegar á þarf að halda. Það getur verið flókið að fá aðstoð við hæfi og vita hvert eigi að leita eftir henni. Farsældarlögin eiga að tryggja að börn og foreldrar fái rétta aðstoð, á réttum tíma, frá réttum aðilum.

Farsældarlögin - [Myndband](#)

Tengiliður - [Myndband](#)



Kærar haustkveðjur frá starfsfólki